

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga vegna myndatöku, myndbandsupptöku og birtingu myndefnis

Hver er tilgangur vinnslu persónuupplýsinga og hver er grundvöllur hennar?

Sveitarfélagið Árborg ber ábyrgð á því að taka og birting myndefnis samrýmist lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Tilgangur vinnslunnar er að leyfa foreldrum/forráðamönnum að fylgjast með daglegri starfsemi leikskólans með myndbirtingum á þeim vettvöngum sem tilteknir eru hér að neðan. Lagagrundvöllur fyrir þeirri vinnslu byggir á samþykki foreldra/forráðamanna, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Hvaða upplýsingar er unnið með og hvaðan koma þær?

Persónuupplýsingar sem unnið er með er myndefni af börnum, þ.e. bæði myndir og myndbönd sem starfsmenn leikskólans taka og foreldrar/forráðamenn gefa samþykki fyrir. Aldrei eru teknar myndir af börnum sem sýna aðstæður viðkvæms eðlis.

Hve lengi eru persónuupplýsingar geymdar og er þeim miðlað til þriðja aðila?

Leikskólinn Jötunheimar er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Vegna þess er honum óheimilt að farga nokkru skjali nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem Jötunheimar vinnur með afhentar Héraðskjalasafni Árnessinga á fimm ára fresti samkvæmt skjalavistunaráætlun.

Persónuupplýsingar eru ekki sendar annað eða til þriðja aðila án leyfis og eru upplýsingarnar varðveittar sem trúnaðarmál.

Hvar eru upplýsingarnar geymdar?

Leikskólinn vistar myndefni á sérstöku myndasafni í tölvu leikskólans.

Hver eru réttindi þín?

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar og villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá, réttar til að andæla vinnslu og réttar til að flytja eigin gögn. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Athygli er vakin á því að heimilt er að draga gefið samþykki til baka hvenær sem er. Afturköllun samþykkis skal ekki hafa áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuverndarfulltrúi og kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga

Hafi einstaklingar frekari spurningar hvernig sveitarfélagið meðhöndlar persónuupplýsingar, geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Sá aðili er Sigríður Vilhjálmsdóttir og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á sigridur.v@arborg.is. Einnig er hægt að hafa samband við leikskólann með því að senda erindi á jotunheimar@arborg.is.

Skráðir einstaklingar hafa einnig heimild til að leggja fram kvörtun til Persónuverndar (www.personuvernd.is), dragi þeir í efa að persónuupplýsingar þeirra séu meðhöndlaðar í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

